



Ferðast um landið í lögum og sögum Greinagerð með námsefni

Haraldur Reynisson

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ferðast um landið í lögum og sögum
Greinargerð með námsefni

Haraldur Reynisson

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í kennslufræði
Leiðsögukenndari: Helga Rut Guðmundsdóttir

Tónlistardeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Maí 2011

Ferðast um landið í lögum og sögum.

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs við tónlistardeild,
Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

© 2011 Haraldur Reynisson

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Bóksala Stúdenta

Reykjavík, Ísland 2011

Efnisyfirlit

Formáli	4
Inngangur	4
Tónmennt í grunnskólum	5
Menning	6
Ferðast um landið í lögum og sögum	6
Unnið með námsefnið	8
Lokaorð	10
Heimildir:	11

Formáli

Þessari greinargerð er ætlað að varpa ljósi á tilurð námsefnisins *Ferðast um landið í lögum og sögum*. Um er að ræða frumsamið námsefni sem höfundur hefur unnið að og þróað á vettvangi eigin kennslu á miðstigi í grunnskóla yfir þriggja ára tímabil. Efnið er hugsað sem námsefni í tónmennt en jafnframt er gert ráð fyrir að samþætta megi það við aðrar námsgreinar grunnskólans s.s. landafræði, íslensku og samfélagsfræði.

Námsefnið *Ferðast um landið í lögum og sögum* samanstendur af kennslubók nemenda og kennarabók þar sem er að finna drög að verkefnum, auk hljómganga laga og kennsluleiðbeiningar. Hljóðefni er hægt að nálgast á www.tonlist.is fyrir sanngjarnt verð.

Námsefnið hefur reynst vel í kennslu á þessum þremur árum sem það hefur verið í vinnslu en að sjálfsgöðu hafa einnig komið í ljós annmarkar sem hafa kallað á viðbætur og áherslubreytingar. Vonir standa til að sem flestir vankantar hafi verið sniðnir af námsefninu við vinnu þessa verkefnis og að það megi nýtast fleirum en mér í tónmenntakennslu. Allir sem hafa aðstoðað við þessa vinnu og hafa stutt höfundinn með ráðum og dáð eiga þakkir skildar.

Inngangur

Íslensk sönglög eru í eðli sínu einfalt listform og flestir hafa snert á þeim fleti tónlistar á einn eða annan hátt. Námsefnið *Ferðast um landið í lögum og sögum* byggir að stærstum hluta á sönglögum, auk þess að bjóða upp á ýmiss konar tónlistarverkefni. Rauði þráðurinn í efninu er söngur, sögur, höfundar, atburðir og annað sem tengir nemandann við hina ýmsu staði á Íslandi. Með þessu móti samþættist námsefnið við landafræði, íslensku og samfélagsfræði.

Efnið sem hér er sett fram er kærkomin viðbót við það námsefni sem til er á markaðnum, sérstaklega vegna þess hversu auðvelt er að tengja það við önnur fög. Umsjónakennarar ættu að geta unnið með námsefnið án þess að búa yfir mikilli þekkingu í tónlist en leggja upp með aðar áherslur við samþættingu þá sem efnið býður upp á. Verk- og listgreinakennarar verða oft einangraðir með fög sín í grunnskólum, en með þessu námsefni bjóðast möguleikar sem hægt er að nýta og tengja við önnur fög á marga vegu. Námsefnið opnar þann möguleika að geta ferðast hringinn í kringum Ísland í gegnum íslensk dægurlög. Nemendur hafa sína eigin verkefnabók og merkja þar á landakort þá staði sem unnið er með. Auk þess er mælt með því að hafa stórt landakort á vegg kennslustofunnar þann tíma sem unnið er að verkefninu. Námsefnið er þar með sjónrænt, huglægt, sögulegt og hljóðrænt. Hverju sönglagi fylgja

tónlistarverkefni sem gefa þá möguleika að nýta kennslustundirnar á fjölbreyttan hátt. Með því móti verður verkefnið fræðilegra og kennslustundirnar fjölbreyttar.

Í bókinni eru 15 lög sem tengjast 15 ólíkum stöðum á Íslandi. Námsefnið getur nýst yfir heilan vetur sé þess óskað og uppsetning útfærð með það í huga. Það er ákvörðun þess sem kennir efnið hve langan tíma það tekur. Eitt af meginmarkmiðum námsefnisins er að virkja nemendur til að taka þátt í söng og læra í leiðinni um land og þjóð sem og efla orðaforða. Fjölbreytt safn tónlistarverkefna er í bókinni sem samræmast markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Sá möguleiki er fyrir hendi að virkja nemendur í hljóðfæraleik í tengslum við námsefnið og efla með því samstarf, samvinnu og félagsþroska barna. Þetta samræmist þeirri stefnu sem kemur fram í Aðalnámsskrá grunnskóla: listgreinar (2007) „Tónlistariðkunin hefur yfirfærslugildi á aðra hæfni og þekkingu, svo sem samhæfingu hugar og handar, lestarþjálfun, málþroska, formskynjun, samvinnu og samlíðan, félagsmótun, hlutfallaskynjun, sögu- og samfélagsskilning.“ (bls.23).

Tónmennt í grunnskólum

Tónlist er samofin flestum þáttum mannlegs lífs. Hún er stór þáttur í athöfnum okkar, tengir fólk við ólík tímaskeið og er samofin menningu þjóða, hvar í veröld sem er. „Listir hjálpa nemandanum að skilja menningarlegan fjölbreytileika og viðurkenna menningarlegt afstæði með því að kynna fyrir honum gildi, hefðir og hugmyndafræði eigin samfélags og annarra“ (Aðalnámsskrá grunnskóla – Listgreinar, 2007, bls. 6). Þar sem tónlistin er svo stór þáttur daglegs lífs á tilveruréttur þessarar listgreinar í samfélagi barna rétt á sér. „Það er mjög nauðsynlegt að tónmenntin sé ekki slitin úr tengslum við heildarstarf skólans og samfélagsins. Tónmenntarnámsgreinin hefur margþætt tengsl við allar greinar því tónlist er samofin flestu því sem menn taka sér fyrir hendur.“ (Aðalnámsskrá grunnskóla – Listgreinar, 2007, bls. 24). Þetta eru orð sem margir geta tekið undir, tónlistin tengist öllum þáttum samfélagsins og því auðvelt að koma henni við í skólastarfi.

Það er misjafnt hve tónmennt og tónlist skipa stóran sess í menningarlífi grunnskólanna. Grunnskólinn er aðeins smækkuð mynd af samfélagi okkar og býður þess vegna uppá mikla möguleika í lista- og menningarmálum „Skólinn er samfélag og þar leika listir sama hlutverk og í þjóðfélaginu í heild sinni.“ (Aðalnámsskrá grunnskóla – Listgreinar, 2007, bls. 7). Tónlist er auðvelt að samþætta við allar greinar sem kenndar eru í grunnskólum. Skólinn er vissulega samfélag barna og í því samfélagi þarf tónlist, eins og aðrar listgreinar að fá að njóta sín.

Það má færa mörg rök fyrir því að tónmennt sé kennd í grunnskólum. Nemendur hafa misjafna getu til náms, sumir eru duglegir í bóklegum fögum og aðrir í íþróttum og listum og það er fyrir löngu sannað að margur snillingurinn hefur átt erfitt með bóklegt nám en eignast betra líf og sjálfsvirðingu í gegnum listir. „Eitt mikilvægasta úrlausnarefni skóla og skólayfirvalda í þessu sambandi er að finna leiðir til að koma til móts við ólíka getu og ólík áhugamál nemenda, þ.e. að veita nemendum menntun við hæfi hvers og eins.“ (Aðalnámskrá grunnskóla - Almennur hluti 2006, bls. 10). Ein megin forsenda þess að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi í skólanum er sú að hver nemandi fái tækifæri til að rækta sínar sterku hliðar og áhugasvið. Margir nemendur hafa átt sitt skjól í heimi tónlistarinnar og eignast auðugra líf fyrir vikið. Grunnskólinn er þrýðis vettvangur til að mæta ólíkum þörfum nemenda sinna.

Menning

„Ísland og íslendingar eru að minstakosti um mart ólíkir þeim eyum sem fundnar verða í landfræðilegu nágrenni þeirra, til að mynda Færeyum og Nýfundnalandi. Við eigum ekki þann styrk gleðinnar sem færeyíngum veitist af dansi og nýfundlendíngum af að lifa í friði fyrir bókmentum. Íslensk menning er skáldleg og bókleg.“ (Halldór Laxness, 1967, bls. 51.) Nóbelskálðið talar hér um menningu og segir síðan að okkar menning sé skáldleg og bókleg, tengd fornbókmenntum. Skólar landsins hafa sínum skyldum að gegna við að koma til skila menntun og menningarartengdu efni. „Almenn menntun er ein meginstoð lýðræðis. Hún er undirstaða menningar og almennrar velferðar.“ (Aðalnámskrá grunnskóla - Almennur hluti, 2006, bls. 9).

Verkefnið *Ferðast um landið í lögum og sögum* leggur sitt af mörkum í fræðslu um land og menningu með því að tengja saman tónlist og sögur sem minna á landið okkar, sem og tilurð laga og texta. Menning og þjóðhættir fléttast inn í okkar daglega líf. Það er verk kennarans að glæða verkefnið lífi með sögum og fróðleik sem hann býr yfir. Það má nefna eyjalög sem dæmi um menningararf. Þó þessi arfur sé ungur að árum, er og verður þessi „kúltúr“ sem einkennir Vestmannaeyjar mjög sérstæður um langa framtíð og væri gott kennsluefni fyrir ungt skólafólk.

Ferðast um landið í lögum og sögum

Í námsefninu *Ferðast um landið í lögum og sögum* er stuðst við sönglög. Höfundar laganna eru ýmist íslenskir eða erlendir en allir textar eru íslenskir. Tengingar laganna við hina ýmsu staði á Íslandi eru ýmist bundnar við búsetu höfunda eða að lögin fjalla um staðina sjálfa.

Lögin eru misþekkt og það sama á við um höfundana sjálfa. Lögin eru valin með það í huga að allir geti tekið þátt í söngnum og öðrum verkefnum sem fylgja námsefninu. Hér er höfð að leiðarljósi sú áhersla sem kemur fram í Aðalnámsskrá grunnskóla (2006): „Við gerð námsgagna og val á þeim skal þess gætt að taka mið af jafnrétti og mismuna ekki einstaklingum eða hópum vegna kynferðis, kynhneigðar, búsetu, uppruna, litarháttar, fötlunar, trúarbragða eða félagslegrar stöðu“ (bls. 17).

Skólar hafa í gegnum tíðina notað hugverk manna sem voru ómenntaðir, oft á tíðum bláfátækir, knúnir áfram af krafti sem sköpunargáfan gaf þeim í vöggugjöf og ekki viðurkenndir fyrir en löngu eftir dauða sinn. Skýrt dæmi um þetta er Bólu Hjálmar. „Hjálmar fékk enga vöggugjöf, nema skáldgáfuna og hið hamramma skapferli. Þegar fellibylur æddi um sál hans, urðu til hinar spaklegu vísur hans og snjöllu ljóð. Umkomuleysið, fátæktin, forsmánin, hatrið, ástin og sorgin gerðu Hjálmar að þjóðskáldi.“ (Jónas Jónasson, 1942, bls. XLVII.) Þessa listamenn ber að virða, verkin þeirra og þá sem á eftir komu. Það er erfitt að geta sér til um hvort einhver úr nemendahópnum verður síðar einn af merkustu listamönnum þjóðarinnar.

Tónmenntakennari hefur mikla möguleika á að virkja þarfir nemenda sem vilja gefa af sér til skólasamfélagsins með tónlist og fá útrás fyrir sína sköpunargáfu og nýtist námsefnið *Ferðast um landið í lögum og sögum* meðal annars í þá vinnu.

Þegar lag er sungið er unnið með tónlist og orð. Orðin segja söguna, sýna myndir, gefa minningar og ímyndunaraflinu um leið lausan tauminn. Það skiptir miklu máli að staldra við og skoða tónlist út frá texanum, skilja ólík textaform og bera saman við laglínurnar. „Sá sem hefur góðan orðaforða býr yfirleitt að þekkingu sem nýtist við frekara nám“ (Guðmundur Engilbertsson, 2010, bls. 54.) Eitt af megin markmiðum námsefnisins *Ferðast um landið í lögum og sögum* er að hjálpa nemendum að skilja texta og þannig auka orðaforða sinn. Eins og kemur fram í Aðalnámsskrá grunnskóla (2006): „Allir kennarar eru íslenskukennarar, hvaða grein sem þeir kenna. Leggja ber áherslu á að þjálfun í notkun íslensku er lykill að árangri í öllu námi.“ (bls. 7).

Umræður nemenda og kennara er mikilvægur þáttur þegar unnið er í þessari bók til að víkka þá sýn sem efnið býður uppá sem og að leita út fyrir bókina þegar það á við. Ingvar Sigurgeirsson bendir á mikilvægi fjölbreyttra kennsluáðferða: „Einnig skal bent á þann kost að breyta vinnubókarverkefnum, t.d. í námsleiki eða námsspil ef það þykir líklegt til að skila

árangri og að breyta vinnubókarverkefnum í munnleg verkefni og nota t.d. myndvarpa við að fara yfir þau.“ (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 74). Kennarinn er mikilvægur hlekkur til að gera verkefnið lifandi og fjölbreytt og þótt leiðbeiningar séu fyrir hendi í kennarabók eru ýmsir aðrir möguleikar fyrir hendi. „Kennarinn þarf að skapa eftirvæntingu og vekja áhuga nemenda“ (Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir, 2005, bls. 45).

Ferðast um landið í lögum og sögum er sett upp með það fyrir augum að fræða og hafa gaman af. Menningararfurinn verður til alla daga og ekki er ljóst hvað lifir í framtíðinni og hvað ekki. Eitt af þeim verkefnum sem nemendur fá að gera er að semja lög sín og texta sjálfir og flytja svo fyrir bekkinn sinn. „Lifandi flutningur er nauðsynlegur þáttur til að þroska tónlistaráhuga. Nemendur spila hver fyrir annan og aðra í skólasamfélaginu“ (Anne Bloomfield og John Child., 2000, bls. 86). Það er þeirra að ákveða nótur, stíl, yfirbragð og áherslur og tjá sig eins persónulega og unnt er. „Afríkumenn voru óhræddir við að láta þær raddir hljóma og nálguðust hljóðfæri sín á allt annan hátt en Evrópumenn sem alltaf þurftu að hugsa um hvort þeir væru að spila rétta eða ranga nótu“ (Pétur Hafþór Jónsson, 2007, bls. 6).

Orðskýringar eru við hvert lag þar sem nemendur geta skráð hjá sér orð úr textum sem eru þeim framandi. Notuð var hugmyndafræði sem nefnist Orð af orði. Þessi hugmyndafræði gengur út á að auka orðaforða nemandans. „Aðferðir verkefnis eiga að efla færni nemenda við að greina inntak efnis, sundurgreina orð og hugtök og stuðla að ríkari orðvitund þeirra“ (Guðmundur Engilbertsson, 2010, bls. 54).

Tilgangur sönglaganna er að vekja nemendur til umhugsunar um landið okkar og menningu auk þess að fræðast um tónlist og skilja innihald textanna. En ekki síður að gefa nemendum lausan tauminn til að búa til sín verk sjálfir, verk sem gætu orðið ódauðleg meistaraverk, í það minnsta skemmtilegt verkefni.

Unnið með námsefnið

Námsefnið sem hér er sett fram er unnið í tónmenntastofunni þó verkefnið teygi anga sína í það umhverfi þar sem landafræði og íslenska eru kennd. Hér er uppsetning á einum ákveðnum þætti námsefnisins. Við erum komin til Hólmavíkur. Lagið er „Bláu augun þín“ og tengist það staðnum í gegnum lagahöfundinn Gunnar Þórðarson sem er þaðan. Í kennarabókinni eru þessar leiðbeiningar að finna.

Markmið:

Nemendur læri lagið Bláu augun þín. - Skrásetji staðinn á landakort. - Orðskýringar. - Nemendur fræðist um ólíka takta og vinni með þá.

Framkvæmd:

Það væri góð hugmynd að virkja þá nemendur sem spila á hljóðfæri til að spila undir hjá bekknum.

Hér mæli ég með einföldum taktverkefnum og vinna með 4/4 taktinn mest og leggja áherslu á að allir geti tekið þátt í tímanum. Leikurinn sem hér er settur fram er góð byrjun.

Taktverkefnið Vinstri hægri er á bls. 43.

Áætlaður tími í þetta verkefni er ein til tvær kennslustundir.

Önnur lög eftir Gunnar Þórðarson væru góð og gild í þessu verkefni.

Hér er í raun fjögur atriði að finna

- Lagið Bláu augun þín.
- Skrásetning á landakort.
- Orðskýringar.
- Vinna með takta.

Lagið er sungið í tónmenntastofunni og verkefnið Vinstri hægri einnig unnið þar. Skrásetning á landakortið er í bók nemenda en auk þess er stórt kort í landafræðistofunni og þar fer fram önnur skráning og ítarlegri í umsjón þess sem kennir landafræði. Landafræðikennarinn fær sínar leiðbeiningar í kennslubókinni sem og íslenskukennarinn og þar er verklýsingarnar að finna. Orðskýringar eru í bók nemenda en einnig á vegg í kennslustofunni þar sem íslenska er kennd. Þar safnast öll orð sem nemendur læra í kennslubókinni yfir veturinn. Hér var sýndur einn hluti af 16 þáttum bókarinnar en auk þess eru ýmis verkefni sem tengjast tónlist s.s. leikir, hljóðritunarverkefni, hljóðfæraverkefni o.fl.

Lokaorð

Ferðast um landið í lögum og sögum á vonandi eftir að verða notað víða í framtíðinni og reynast vel. Söngur hefur í gegnum aldir verið manningum hjartfólginn og það á eflaust ekki eftir að breytast í náinni framtíð. Í skólasamfélaginu er ávallt pláss fyrir söng og tónlist ásamt öðrum listgreinum. Söngur og túlkun er eitt af markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. „Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta túlkað þekkt lög samkvæmt eðli lags og texta“ (Aðalnámsskrá grunnskóla – Listgreinar, 2007, bls. 31).

Oft hefur verk- og listgreinakennsla þurft að berjast fyrir tilverurétti sínum innan veggja grunnskólans en þegar lítið er á Aðalnámsskrá grunnskóla stendur þar skýrum stöfum hversu mikilvægur þessi þáttur er. „Í grunnskólum ber að efla menningarvitund Íslendinga og virðingu fyrir menningu annarra þjóða. Almenn menntun á að skapa tækifæri til listnáms. Auk þess að vera þáttur í að stuðla að alhliða þroska nemenda er með listnámi lagður grunnur að skapandi þætti lista og að rækta hæfileika til þess að njóta menningar og lista.“ (Aðalnámsskrá grunnskóla - Almennur hluti, 2006, bls. 8).

Ferðast um landið í lögum og sögum er lítið verkefni í hinum stóra heimi tónlistarinnar. Með því að ferðast á þann hátt sem bókin býður upp á er von mín að nemendur verði upplýstari um margt sem þar er að finna svo sem tónlist, texta, landafræði og sögu. Hvort sem við syngjum ættjarðarlag með hátíðlegum blæ eða nýtt popplag þá er tilgangurinn sá hinn sami; Að auka vellíðan! Þegar vel gengur og nemandinn hefur lært sönglag og staðsett nýjan stað á landakortinu er tilgangnum svo sannarlega náð. Það er við hæfi að vitna í Reykjavíkurskáldið Tómas Guðmundsson sem komst svo snilldarlega að orði í ljóðinu Fjallganga: „Landslag yrði lítills virði ef það hétu ekki neitt“ (Tómas Guðmundsson, 1989, bls. 228).

Heimildir:

- Aðalnámsskrá grunnskóla. Listgreinar.* (2007). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 16. apríl af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=EF6276C5AA94C826002576F00058DC12&action=openDocument>
- Aðalnámsskrá grunnskóla. Almennur hluti.* (2006). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 15. apríl 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefidefni/namskrar//nr/3953>
- Bloomfield, A. og Child, J. (2000). *Teaching Integrated Arts in the Primary School*. New York: David Fulton Publishers.
- Guðmundur Engilbertsson. (2010). Orð af orði – markviss efling orðaforða. *Skíma*, 33(2),54.
- Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. (2005). *Fagleg kennsla í fyrirrúmi*. Reykjavík: Hám.
- Halldór Laxness. (1967.) *Íslendingaspjall*. Reykjavík: Vaka – Helgafell.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Litróf kennsluaðferðanna*. Reykjavík: Æskan.
- Jónas Jónasson. (1942). *Íslenzk úrvarlsrit. Hjálmar Jónsson frá Bólu*. Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs.
- Pétur Hafþór Jónsson. (2007). *Hljóðspor*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Tómas Guðmundsson. (1989). *Ljóð Tómasar Guðmundssonar*. Reykjavík: Almenna bókafélagðið.